



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. október 2018
R2018090023/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (söluhagnaður) - 18. mál., 18. þskj.

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. september 2018 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lögð til að sú heimild sem er í 27. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), til dreifingar á skattskyldum söluhagnaði eigna verði lengdur úr sjö árum í 20 ár. Framangreint lagaákvæði heimilar skattaðilum sem selja eign með skattskyldum söluhagnaði og fá söluverð að hluta greitt með skuldaviðurkenningu til lengri tíma en þriggja ára sérstaka ráðstöfun við skattlagningu. Þeim er heimilt að dreifa skattlagningu hagnaðarins hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenningarinnar, þó lengst í sjö ár.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að sú breyting sem lögð er til miði að því að auðvelda kynslóðaskipti í íslensku atvinnulífi. Þá segir einnig að kynslóðaskipti á fyrirtækjum og bújörðum í rekstri reynist oft erfið og margs þurfi að gæta við yfirfærslu verðmætanna og m.a. þurfi að huga að réttindum annarra erfingja en þeirra sem við þeim taka. Þá er í greinargerðinni sérstaklega fjallað um þann vanda sem fjölskyldur standi í mörgum tilvikum frammi fyrir við yfirfærslu bújarða við kynslóðaskipti og verðlagningu þeirra. Rétt þykir í þessu samhengi að vekja athygli á ákvæðum 57. gr. tsl. um óvenjuleg skipti í fjármálum, en í lagagreininni er kveðið á um að skattyfirvöld geti þurft að meta hvað sé eðlilegt söluverð og þeim borið að færa skattaðila til tekna mismun á kaupverði eða söluverði annars vegar og matsverði hins vegar.

Af skattframtölum sést að heimild til dreifingar á söluhagnaði skv. 27. gr. tsl. hefur ekki verið mikið notuð á undanförunum árum. Líklegt verður þó að telja að heimildin yrði meira nýtt ef hún verður rýmkuð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

Ekki liggur fyrir nákvæm talning á því hversu margir hafa nýtt þessa heimild á síðustu árum, en líklega verða rúmlega 40 gjaldendur með tekjufærslu vegna dreifingar söluhagnaðar samkvæmt lagagreininni í skattframtali 2019. Flestir þessara gjaldenda hafa nýtt umrædda heimild til að dreifa söluhagnaði af hlutabréfum. Í ljósi þess að í athugasemdum með frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um þann vanda sem sé til staðar við kynslóðaskipti á bújörðum, og að lagabreytingunni virðist þannig sérstaklega ætlað að bregðast við þeim vanda, þá þykir ríkisskattstjóra rétt að vekja athygli á að líklegt er að meiri hluti þeirra sem muni nýta sér heimildina muni gera það vegna söluhagnaðar af hlutabréfum sem á engan hátt tengjast búrekstri.

Þá vill ríkisskattstjóri vekja athygli á að ef heimildin verður rýmkuð úr sjö árum í tuttugu mun fjölga mjög þeim tilvikum þar sem þessi skattkvöð mun færast yfir til erfingja. Veruleg hættu er á að oft muni erfingjar ekki gera sér grein fyrir að fengnum arfi fylgi einnig skattkvöð. Ríkisskattstjóri telur því æskilegt að skoðað verði hvort að samhliða þeirri breytingu sem lögð er til með 1. gr. frumvarpsins ætti jafnframt að gera þá breytingu á 27. gr.

tsl. að sá hluti söluhagnaðar sem ekki hefur verið tekjufærður við andlát komi til tekna hjá hinum látna eða dánarbúi hans. Með þeim hætti myndi skattkvöð ekki færast til erfingja.

Þá vill ríkisskattstjóri benda á að ef dreifing á skattlagningu á söluhagnaði tengist kynslóðaskiptum í búrekstri, þ.e. erfingi/erfingjar taka við búskapnum, hljóta að vera yfirgnæfandi líkur á því að seljandi sé hættur sínum rekstri. Þá vaknar spurningin um það hvernig á að fara með skattlagningu þess söluhagnaðar sem eftir stendur við rekstrarlok. Um er að ræða eftirstöðvar rekstrartekna sem ættu að telja fram til skattlagningar með þeim hætti, þ.m.t. vexti og eftir atvikum verðtryggingu, nema ef skuldaviðurkenning er seld en þá ber að tekjufæra eftirstöðvar í einu lagi á því tímamarki.


Rétt er einnig að benda á að dreifing á skattlagningu söluhagnaðar í tuttugu ár hefur í för með sér meiri verðryrnun á skatttekjum en ef söluhagnaður kæmi til skattlagningar við sölu eignar.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er það sett fram þar sem talin eru ákveðin vandkvæði á kynslóðaskiptum í íslensku atvinnulífi og er þar sérstaklega tekið fram að ákveðinn vandi sé á höndum varðandi landbúnað. Í þessu samhengi þykir mega benda á að lagt hefur verið fram frumvarp, 10 mál; þskj. 10, á yfirstandandi þingi um lækkun erfðafjárskatts upp að ákveðnu marki, þ.m.t. vegna fyrirframgreidds arfs, þannig að vert væri að bera saman þessa valkosti.


Ekki verður hjá því komist að benda á að þótt hugsanlega verði ekki um marga aðila að ræða í þessu sambandi, þá kalla reglur sem ná yfir svo langan tíma á enn meira utanumhald heldur en nú er svo unnt sé að hafa eftirlit með því að umræddur söluhagnaður skili sér til skattlagningar. Slíkt utanumhald og breytingar á tölvukerfum vegna þess kostar fjármagn og ekki verður séð að gert sé ráð fyrir slíku í frumvarpinu.

Að öðru leyti sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra



Elín Alma Arthursdóttir



Jón Ásgeir Tryggvason